

FRANSKA

sem dótturmál grísku og norrænu

I

Höfundar orðabóka þeirra sem ég hefi í höndum haft, virðast ekki vita, hve mjög franska tungu er að rekja til grísku. En svo mikil brögð eru að því sambandi, að ástæða gæti verið til þess að kalla frönsku stundum dótturmál grískunnar, en vera ekki alltaf að tala um hana sem dótturmál latínunnar, eins og gert er. Er um frönsku nokkuð líkt og Heimdall, sem hrósaði því að hann ætti níu mæður.

Í hinni miklu og stórkostlegu orðabók Littrés, sem er höfuðrit um franska tungu, virðist það vera ein af aðalsetningunum, að í frönsku séu ekki — þegar vísindaorð og slíkt er tekið undan — grísk orð önnur en þau sem úr latínu séu þangað komin. En mjög virðist mér þetta vera á annan veg. Ég hygg að sýna megí fram á, að fjöldi orða í frönsku, er þangað kominn beint úr grísku talmáli. Orð það er táknar herðarblað er gott dæmi; omoplate er það á frönsku, og er það gríska orðið ómoplate. Það er mjög eftirtektarvert, að latínska orðið scapula skuli ekki hafa verið notað. Annað orð eftirtektarvert er lisse, sléttur, á grísku lissos; franska orðið yfir víði, osier, virðist sama og gríska orðið oisya. Orðið þar sýnir fallega hversu sterk áhrif grískunnar hafa verið, því að þó að það sé stundum að rekja til per eða de parte í latínu, þá virðist augljóst, að oftast nær er það gríska orðið para, sem þar kemur fram; þar trop, um of, virðist vera orðið til úr para tropon.

D'émblée þýðir nákvæmlega sama sem di'embóles á grísku, og virðist eðlilegast að rekja það saman, þegar séð er hversu mjög franska er mörkuð af grísku, en vera ekki að draga þetta af alþýðuframburði á latínska orðinu impellere, eins og Littré gerir.

Mjög fallega gerir hin gríska hugsun vart við sig í hinni einkennilegu, tvöföldu frönsku neitun, ne-pas. Þar er frönsk málvenja, sem er beinlínis andstæð eðli latínunnar; í latínu er tvöföld neitun, nec non, sama sem sterk játun, en í grísku er hin tvöfalda neitun, me úk, sem mjög oft kemur fyrir, aldrei sama sem játun. Hin gríska hugsun kemur einnig mjög augljóslega fram í hinni óþörfu neitun (á grísku: apofasis peritte) sem kemur svo oft fyrir í frönsku eins og í grísku. Í setningu er ne (eða í grísku me), sem alls ekki á að taka tillit til þegar þýtt er. Áherslumerkin frönsku minna einnig á grísku, og líklega er margt í franskri áherslu, sem fremur er grískt en rómverskt.

II

Þetta sem hér er verið að vekja eftirtekt á, bregður nokkurri nýrri birtu yfir franskar bókmenntir og franska sögu. Og grunur er mér á, að hér gæti verið efni í fagra doktorsritgerð. Ennþá fegri og þýðingarmeiri yrði sú ritgerð, ef einnig væru rannsökuð áhrif norrænnunnar, og hvernig fór, þar sem grísk og norræn áhrif mættust. Mjög líklegt þykir mér, að áhrif norrænnunnar á franska tungu séu margfalt meiri en tekið hefir verið eftir. Norðurfranskan, Norðmannafranskan, langue d'oïl, varð ritmál Frakka, eins og kunnugt er, og sýnir þó ritmálið svona mikil merki hins gríska landnáms; suðurfranskan, langue d'oc, ætti þó að sýna grískumerkin ennþá fleiri og glögglegar. Virðist þar hljóta að vera mjög fróðlegt rannsóknarefni, og einkum þó ef borin væri saman sem nákvæmlegast norðurfranskan og suðurfranskan. Mundi þá sennilega koma sitthvað í ljós, sem orðið gæti bæði til að auka skilning á norrænum og grískum anda, og á sögu og menntalífi hinnar margættuðu frönsku þjóðar.

III

Rannsókn eins og sú, sem hér er vikið á, gæti ef til vill, með öðru, orðið til þess að Íslendingum yrði greiðari aðgangur að frönskum menntastofnunum. En mjög þurfum

vér þess, til að bæta úr einangruninni og smáþjóðarskapnum, að oss yrði auðveldara en nú er, að njóta góðs af hinum betri menntunartækjum stærri þjóða. Og sú var tíðin, að engir voru fræðimenn framsæknari en Íslendingar. Það er nokkuð eftirtektarvert, að fyrsti maður af Norðurlöndum, sem nám stundar við hinn fræga háskóla í París, var Íslendingur.* Sæmundur Sigfússon hét hann, og var kallaður hinn fróði.

Morgunblaðið, 1921.

* Ég hefi þetta eftir nafnkenndum norskum sagnfræðingi, prófessor Alexander Bugge. Ef ég man rétt, þá segir Bugge einnig, að um aldamótin 1100 standi 32 nöfn Íslendinga í gestaskrá hins fræga klausturs á eyjunni Reichenau í Botnavatni (Bodensee). — Háskólinn í París átti sér, eftir suðurför Sæmundar, nokkurskonar útibú í Odda, og varð þó Oddinn fremri um sumt en fyrirmyndin. Og frá Odda var stofnaður fræðabær ennþá ágætari, þar sem Reykholt var — en Borg áður — og Breiðablik í baksýn. Þá fara íslenskir hagir að komast í það horf sem vera þarf, þegar haldið verður áfram til fulls því menntaverki, sem unnið var á slíkum bæjum.

Eiríksjökull, þetta fagrahvel fjallheimsins íslenska, er það sem ég kalla Breiðablik. En þó hafði ég einnig í huga bústað Baldurs, af ástæðum, sem vel mega ljósar verða hverjum glöggum lesanda goðasögu Snorra.

1922